

Mál nr. 380/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á bensínstöð við Hólagötu í Reykjanesbæ 26. júlí 2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 11.11.2016 ásamt fylgiskjölum 1-5 ásamt athugasemdum M dags. 28.11.2016.
2. Bréf V-1 dags. 28.11.2016 ásamt fylgiskjali
3. Bréf V-2 dags. 16.11.2016

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B á bifreiðaplani sjálfsafgreiðslustöðvar bensínsölu við Hólagötu í Reykjanesbæ. Ökumaður bifreiðar A ók bifreiðinni frá Njarðarbraut inn á bifreiðaplanið og lenti í árekstri við bifreið B þegar þeirri bifreið var ekið frá bensíndælu og í hlið bifreiðar A.

M telur að ökumaður bifreiðar A eigi að bera alla ábyrgð á árekstrinum fyrir að hafa ekki gætt að umferð frá hægri þegar hann ók yfir bifreiðaplanið og að hann hafi einnig haft betri yfirsýn yfir bifreiðaplanið heldur en ökumaður bifreiðar A. M telur vátryggingafélögin byggja ranglega á 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem ökumaður bifreiðar B hafi ekki verið kominn í þá stöðu að vera að aka af bifreiðastæði út á veg þegar árekstur varð og telur ákvæði 4. mgr. 25. gr. sömu laga frekar eiga við þar sem varúðarskylda hvílir á þeim sem hefur hinn á hægri hönd þegar um opin svæði er að ræða. V-1 telur ákvæði 4. mgr. 25. gr. ekki gilda gagnvart kyrrstæðum bifreiðum sem ekið er af stað frá hægri gagnvart umferð um opin svæði og telur að aðgæsluskylda sú sem rakin er í 3. mgr. 25. gr. sé gildi um aðstæður þær sem uppi voru þegar árekstur bifreiða A og B átti sér stað. V-2 gerir ekki sjálfstæðar athugasemdir en tekur undir sjónarmið M.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ökumaður bifreiðar B hafi ekið frá bensíndælu með fyrirhugaða akstursstefnu út af bifreiðaplani og beint á bifreið A sem ekið var eftir bifreiðaplaninu. Samkvæmt lögregluskýrslu og ljósmyndum af vettvangi voru ákomur annars vegar á vinstra framhorni bifreiðar B og í hægri hlið bifreiðar A. Einnig kemur þar fram að árekstur hafi orðið rétt um billengd frá bensíndælu. Þegar litið er til staðsetningar bifreiðanna og ákoma telst sannað að ökumaður bifreiðar B verið nýlagður af stað frá bensíndælu. Þegar bifreið er ekið úr kyrrstöðu má ráða af nokkrum háttættisreglum umferðarlaga að ökumaður verði við slíkan akstur að gæta að annarri umferð, til dæmis má draga þær ályktanir af bæði 17. og 25. gr. umferðarlaga sem og ákvæði 4. gr. þeirra um almenna tillitsemi og varúð vegfarenda gagnvart annarri umferð. Þegar litið er til þeirra ákvæða telst ökumaður bifreiðar B ekki hafa gætt nægjanlega að sér og sýnt þá varúð sem honum bar þegar hann ók bifreið sinni frá bensíndælu nær rakið í hlið bifreiðar A. Ekki verður lögð sök á ökumann bifreiðar A fyrir að hafa ekki virt hægri rétt 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga við þessar sérstöku aðstæður.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 20.12.2016.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hrl.

Jón Magnússon hrl.